



Fjárlaganefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
sent á umsagnargátt Alþingis

Reykjavík, 10. apríl 2026

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um stofnun innviðafélags, 535 mál.

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“ eftir atvikum) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um stofnun innviðafélags, 535 mál, 157. löggjafarþings 2025-2026.

SI fagna framkomnu frumvarpi til laga um stofnun innviðafélags en tilgangur félagsins er að hrinda í framkvæmd uppbyggingu stórra þjóðhagslega mikilvægra samgönguverkefna og tryggja fjármögnun og hraðari framvindu slíkra framkvæmda. Samtökin hafa um árabil kallað eftir nýrri nálgun við uppbyggingu og fjármögnun samgönguinnviða í þeim tilgangi að rjúfa þá kyrrstöðu sem ríkt hefur í málaflokknum.

Að mati Samtaka iðnaðarins er frumvarpið skýrt hvað varðar þau grundvallaratriði sem þurfa að vera til staðar svo innviðafélag geti náð tilætluðum árangri. Þar má meðal annars nefna:

- **Skýr sýn um sjálfstæði:** Áhersla er lögð á að félagið uppfylli skilyrði ESA 2010 staðalsins sem markaðsframleiðandi. Í því felst m.a., þegar um samgöngumannvirki er að ræða, að notendur hafi raunhæft val um aðra leið. Þá kemur jafnframt skýrt fram í greinargerð með frumvarpinu að tryggja þurfi sjálfstæði félagsins til ákvarðanatöku sem byggir á viðskiptalegum forsendum og faglegu verkefnavali.
- **Aðkoma fagfjárfesta:** Í 8. gr. frumvarpsins er kveðið á um heimild til stofnunar dótturfélaga til að auðvelda aðkomu fjárfesta, svo sem lífeyrissjóða. Í greinargerð kemur jafnframt fram að stefnt sé að því að opna fyrir fjölbreyttari fjármögnun, bæði frá innlendum og erlendum sérhæfðum fjárfestum. Með því móti telja samtökin unnt að nýta betur það fjármagn sem er til staðar á markaði og dreifa áhættu.
- **Tekjustofnar:** Lögfest er heimild til innheimtu veggjalda, sbr. 7. gr. frumvarpsins, sem ætlað er að tryggja félaginu nauðsynlegan og fyrirsjáanlegan tekjugrunn.



Þrátt fyrir góðan grunn vilja samtökin koma eftirfarandi áherslum á framfæri.

Samanburður kosta og samvinnuverkefni (PPP)

Að mati samtakanna er jákvætt að frumvarpið leggur áherslu á mat þegar kemur að mögulegri beitingu samvinnuverkefna (PPP). SI leggja ríka áherslu á að stofnun innviðafélags útiloki ekki samvinnuverkefni þar sem einkaaðilar bera ábyrgð á hönnun, framkvæmd og rekstri. Fyrir stærri verkefni á borð við Sundabraut er nauðsynlegt að fram fari faglegur samanburður á þessum leiðum.

Ráðstöfun skatttekna til samgöngumála

Á undanförunum misserum hefur verið ráðist í hækkanir á sköttum og gjöldum með þeim rökum að bæta samgönguinnviði sem eru á ábyrgð ríkisins. Tekjuaukning ríkissjóðs af þessum breytingum verður umtalsverð á komandi árum.

Samtök iðnaðarins telja eðlilegt að notendur greiði fyrir afnot af tilteknum mannvirkjum innviðafélags. Fyrirhugað fyrirkomulag, þar sem innviðafélag er rekið utan A-hluta ríkissjóðs, felur hins vegar í sér að veggjöld munu bætast við núverandi skatta og gjöld á umferð. Krafa SI er sú að tryggt verði með skýrum hætti að þeir fjármunir sem innheimtir eru af umferð, hvort sem er í formi skatta, gjalda eða veggjalda, renni beint til uppbyggingar, viðhalds og fjárfestingar í samgönguinnviðum. Stofnun innviðafélags leysir ríkið ekki undan þeirri ábyrgð að ráðstafa þeim tekjum sem það aflar með sköttum og gjöldum á umferð til samgöngumála.

Fagleg stjórn og stjórnarhættir

Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins skal skipuð stjórn með það að markmiði að tryggja faglega og vandaða stjórnarhætti. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að mikilvægt sé að stjórnin sé skipuð hæfum einstaklingum með fjölbreytta og haldgóða reynslu og þekkingu sem hæfir starfsemi félagsins og þjónar hagsmunum þess sem best.

Samtök iðnaðarins leggja ríka áherslu á að val stjórnarmanna byggi á sérþekkingu, einkum á sviði fjármögnunar innviða og rekstrar, en ekki á pólitískum forsendum. Slík fagleg skipan stjórnar er lykilforsenda þess að félagið njóti trausts á fjármálamörkuðum og geti sinnt hlutverki sínu með skilvirkum hætti.

Skilvirkni, hlutverkaskipting og tæknileg þekking

Samtök iðnaðarins benda á mikilvægi þess að skýr mörk séu dregin milli hlutverka innviðafélags og Vegagerðarinnar og að vandað sé til samstarfs þeirra frá upphafi. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að Vegagerðin beri áfram kerfisábyrgð á samgönguinnviðum en innviðafélagið verkefnisábyrgð á þeim framkvæmdum sem það tekur að sér. Í því samhengi er mikilvægt að hafa í huga að íslenskur markaður er lítill og framboð sérfræðinga takmarkað.

Óhagkvæmt væri fyrir innviðafélag að byggja upp umfangsmikla tæknilega starfsemi sem þegar er til staðar hjá Vegagerðinni og á markaði. Slíkur tvíverknaður gæti leitt til tafa, óhagkvæmni og aukins kostnaðar. Eðlilegra er að innviðafélagið einbeiti sér að fjármögnun, verkefnastjórnun og rekstri, en nýti tæknilega sérþekkingu Vegagerðarinnar og einkaaðila. Skýr verkaskipting og samræmdir staðlar eru lykilforsenda þess að tryggja skilvirkni, hraða og gæði í framkvæmdum innviðafélagsins.



Niðurlag

Samtökin fagna því að frumvarpið gerir ráð fyrir markaðstengdri nálgun og aðkomu lífeyrissjóða og fjárfesta. Samtökin hvetja til þess að frumvarpið verði samþykkt með tilliti til framangreindra ábendinga um samanburð valkosta og ráðstöfun fjármuna í þágu samgönguinnviða.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins

Jóhanna Klara Stefánsdóttir
Jóhanna Klara Stefánsdóttir
sviðsstjóri mannvirkjasviðs